



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Ársskýrsla 2021



Ársskýrsla 2021

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Borgartún 12, 105 Reykjavík

Sími: 411 1111

Netfang: heilbrigdiseftirlit@reykjavik.is

Rafræn pdf útgáfa á vef Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur: heilbrigdiseftirlit.reykjavik.is

© Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur 2022



Efnisyfirlit

Inngangur	4
Rekstur og fjármál	6
Símenntun og fræðsla.....	7
Matvælaeftirlit	8
Umhverfiseftirlit.....	17
Vöktun	24
Hundaeftirlit	28



Inngangur

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (skammstöfun HER) er eitt af 9 heilbrigðiseftirlitum sveitarfélaga á Íslandi og stærst þeirra, sjá nánar um almennt hlutverk, verkefni og skipulag HER; <https://reykjavik.is/um-heilbrigðiseftirlitid>

Stöðugildi hjá embættinu eru 24 og fékkst heimild síðast á árinu 2019 fyrir aukningu um tvö stöðugildi. Starfsemin skiptist í tvær eftirlitsdeildir og eina minni einingu, sjá skipurit hér fyrir neðan. HER hefur á að skipa vel menntuðu og hæfu starfsfólki með breiðan bakgrunn og mikla þekkingu. HER sinnir lögboðnum verkefnum sem heilbrigðisnefnd Reykjavíkur eru falin og í umboði nefndarinnar sbr. ákvæði laga nr. 7/1998 og samþykktu um heilbrigðisnefnd Reykjavíkur. HER fær þjónustu frá Þjónustuveri Reykjavíkurborgar, skrifstofufulltrúum, lögfræðingum, fjármáladeild og mannauðsfulltrúum Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar en HER heyrir rekstrarlega undir sviðið og er hluti af skipuriti þess.

HEILBRIGÐISNEFND REYKJAVÍKUR

HEILBRIGÐISEFTIRLIT REYKJAVÍKUR FRAMKVÆMDASTJÓRI

SKRIFSTOFA	MATVÆLAEFTIRLIT	UMHVERFISEFTIRLIT	VÖKTUN
Stjórnsýsla Mannauður Fjármál	Öryggi matvæla og neysluvatns Hollustuhættir á veitinga- og gististöðum	Heilnæmt, ómengað og öruggt umhverfi inni og úti	Gæði andrúmslofts, strandsjávar, áa og vatna

Skipurit Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Árið 2021 var annað árið án fordæma þar sem heimsfaraldur Covid19 hélt áfram með tilheyrandi sveigjanleika í starfi heilbrigðisfulltrúa m.a. varðandi nýjar aðferðir og nálgun verkefna auk veikinda sem komu upp meðal starfsfólks eins og annars staðar í þjóðfélaginu. Neyðarstjórn Reykjavíkurborgar hélt áfram störfum og var framkvæmdastjóri hluti hennar sem áður og í miklu samstarfi og samráði við Landlæknisembættið og sóttvarnalækni auk almannavarna. Áfram í því samhengi var megináhersla lögð á að tryggja öryggi starfsmanna HER og að skoða möguleika að halda sem mestri starfsemi gangandi miðað við það og gildandi takmarkanir og sóttvarnarkröfur á hverjum tíma. Vel gekk að halda úti nauðsynlegu eftirliti í fyrirtækjum og á eftirlitsskyldum stöðum og gekk það betur en 2020 enda mun meiri reynsla



kominn og bólusetningum starfsmanna að mestu lokið. Jafnhliða eftirliti í fyrirtækjum var haldið úti rafrænu eftirliti þar sem því var viðkomandi og hentaði. Þrátt fyrir þetta tókst ekki að alveg að klára það eftirlit sem áætlað var á árinu. Á árinu var ljóst að enn voru tafir á að Hlaðan, tölvukerfi sem beðið hefur verið eftir í langan tíma væri komið á hjá HER þar sem sérlausnir voru ekki tilbúnar.

Mörg stór mál komu upp á árinu sem og önnur sem héldu áfram frá fyrra ári og verður nokkrum gerð betur skil á einstökum deildum/einingu. Fjöl margar umsagnir voru unnar um lög og reglugerðir er varða starfsemi HER. Má helst nefna áframhald á breytingum laga nr. 7/1998 og sem áður koma fram miklar efasemdir um að þær breytingar skili sér í bættu umhverfi þeirra fyrirtækja sem lúta heilbrigðiseftirliti og boðaðri skráningarreglugerð. Gagnrýnin beinist aðallega að auknu flækjustigi fyrir alla aðila.

Fagráðuneytin tvö, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið ásamt umhverfis- og auðlindaráðuneytinu fengu KPMG til að fara í greiningu á opinberu eftirliti. Einungis var skoðað eftirlit hjá heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga en ekki Umhverfisstofnun né Matvælastofnun. Þessu greiningarferli er ekki lokið þegar þetta er skrifað og ekki vitað hvað kom út úr því. Umsögn og tillögur Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi til KPMG voru á þá leið að heilbrigðiseftirlit á að vera áfram í nærumhverfinu þar sem þekking á staðháttum er góð, mikil reynsla og þekking starfsfólks fyrir hendi auk þess sem eftirlitið er skilvirkt og ódýrt.

Afgreiðslufundir eru haldnir einu sinni í viku á þriðjudögum og er áhugavert að sjá að á árinu voru haldnir yfir 90 afgreiðslufundir sem þýðir að yfir 40 auka afgreiðslufundir voru haldnir. Farnar voru 3.790 eftirlitsferðir á árinu, þar af voru tveir heilbrigðisfulltrúa í 511 ferðum. Fyrirtæki með gild starfsleyfi voru um 3650 og eru þau háð reglubundnu eftirliti þar sem tíðni eftirlits er ákvörðuð eftir umfangi og áhættu viðkomandi reksturs. Kvartanir og ábendingar sem bárust voru 1126 árinu, flestar hjá Umhverfiseftirlitinu en um 400 hjá Matvælaeftirlitinu. Kvörtunum fækkaði aðeins milli ára. Hægt er að sjá nánar um starfsemina undir einstaka deildum og einingu.

Síðari hluta árs 2021 var tekin upp stytting vinnuvikunnar eftir að tilraun hafði verið gerð með slíkt á fyrra ári um eina klukkustund. Full stytting var samþykkt og í staðin misstu starfsmenn matarhlé og tekið var á skreppi í vinnutíma þar sem leitast á við að nýta styttinguna í slíkt. Styttingin var útfærð þannig að mánudagar og miðvikudagar voru styttir um eina klukkustund hvor og föstudagar um tvo tíma. Metið verður síðar hvort þetta fyrirkomulag henti eða eitthvað annað og þá með tilliti til að þjónusta HER skerðist ekki.



Rekstur og fjármál

Starfs- og eftirlitsáætlanir eru uppfærðar árlega og tillit tekið til mögulegra breytinga eða sveifla í rekstri í samræmi við það. Áætlanir fyrir árið 2021 voru unnar og í framhaldinu kynntar og samþykktar á fundum umhverfis- og heilbrigðisráðs Reykjavíkurborgar sem fer með hlutverk heilbrigðisnefndar fyrir hönd sveitarfélagsins. Forgangsroðun verkefna með reglubundið eftirliti og önnur lögboðin verkefni voru í forgrunni sem áður. Tímagjald þjónustuverkefna HER hækkaði úr 14.100 kr. í 15.100 kr. á árinu og höfðu fram að því ekki hækkað í nokkur ár. Gjöld vegna hunda breyttust á árinu en nánar verður gerð grein fyrir því hjá Dýraþjónustu Reykjavíkurborgar/ÍTR. Annar starfsmaður þar fluttist yfir með verkefninu en hinn var áfram á launaskrá hjá HER þar til hann fór í starfslok seinni part ársins sem skýrir kostnað hjá HER vegna hundaeftirlits.

Sjá nánar um opinber fjármál á <https://reykjavik.is/opinfjarmal>

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur		2021
Tekjur		
- Eftirlits- og starfsleyfisgjöld		-168.444.594
Laun		
- Laun og launatengd gjöld		298.252.194
Rekstrarkostnaður		
- Annar rekstrarkostnaður		31.620.837
Samtals laun og rekstrarkostnaður		329.873.031
Gjöld umfram tekjur:		161.428.437

Hundaeftirlit		2021
Tekjur		
- Eftirlits-, leyfis- og handsömunargjöld		-2.358
Laun		
- Laun og launatengd gjöld		11.017.047
Rekstrarkostnaður		
- Annar rekstrarkostnaður		0
Samtals laun og rekstrarkostnaður		11.017.047
Gjöld umfram tekjur:		11.014.689

Rekstrarreikningur fyrir árið 2021

Símenntun og fræðsla

Á árinu voru haldnir fræðslufundir m.a. um innleiðingu á Office365 en að öðru leyti var minna um slíkt vegna Covid19 og nær engin staðbundin fræðsla. Starfsmenn sinntu sinni símenntun eins og kostur var á árinu. Fagleg málefni voru kynnt á svokölluðum faghópsfundum sem haldnir eru mánaðarlega hjá HER um ýmislegt sem heilbrigðisfulltrúar fengu fræðslu um eða höfðu kynnt sér. Sjá má nánar um símenntun hjá einstaka deildum og einingu.

Sem áður voru að störfum faghópar skipaðir heilbrigðisfulltrúum frá öllum svæðum í landinu auk fulltrúum frá yfirstofnunum þar sem miðlað er þekkingu og reynslu um ýmis mál; hollustuháttahópur, umhverfisgæðahópur og matvælahópur. Mesta fagþekking á starfi heilbrigðisfulltrúa liggur hjá þeim sjálfum. Að öðru leyti sáu heilbrigðisfulltrúar um að sinna sinni símenntun eftir þörfum hvers og eins og þeir eru ábyrgir fyrir.

Vorfundur heilbrigðiseftirlitssvæðanna á Íslandi með Matvælastofnun, Umhverfisstofnun, umhverfis- og auðlindaráðuneyti og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti var haldinn á netinu vegna heimfaraldursins 11. maí 2021 og voru eftirfarandi málefni á dagskrá; eftirlitsáætlun og leiðbeiningar um eftirlitsskýrslur, grunnatriði um persónuvernd, staða birtinga hjá heilbrigðiseftirlitssvæðum og endurskoðun laga um hollustuhætti og mengunarvarnir. Árlegur haustfundur allra heilbrigðiseftirlitssvæða féll niður sem venjulega er haldinn í október en ákveðið var að halda veglegan fund að vori 2022 væri það fært vegna faraldursins.

Matvælaeftirlit

Eins og árið 2020 hafði Covid-19 og sóttvarnaraðgerðir sem gripið var til mikil áhrif á starfsemi deildarinnar sem og viðskiptavini árið 2021. Fjöldi fyrirtækja í veitinga- og gististarfsemi voru lokið stóran hluta úr árinu þar sem fjöldi erlendra ferðamanna var áfram miklu minni en fyrir Covid-19 og samkomutakmarkanir í gildi á vissum tímabilum. Til að varna að fá smit inn í fyrirtækin óskuðu margir rekstraraðilar eftir að fresta að fá heilbrigðisfulltrúa í staðbundið eftirlit eða sýnatöku. Veikindi heilbrigðisfulltrúa og ákvarðanir um sóttkví m.a. vegna smita í skólum barna þeirra höfðu áhrif á starfsemi deildarinnar. Farið var því í færri eftirlitsferðir en áætlanir gerðu ráð fyrir. Í faraldri sem þessum hefur heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga mikilvægu hlutverki að gegna í samstarfi við fjölmarga aðila eins og sóttvarnlækni, almannavarnarnefnd höfuðborgarsvæðisins, borgarstjórn, Umhverfisstofnun og Matvælastofnun og ekki síst sína viðskiptavini. Áfram var lögð áhersla á halda brýnasta eftirlitinu gangandi, sem framkvæmt er með sýnatöku, eftirliti með neysluvatni, eftirliti með varnarefnum í matvælum og fleiri sýnatöku.

Sóttvarnatakmarkanir höfðu áhrif á starfsemi veitingastaða. Margir þeirra gátu ekki tekið á móti gestum og heimsendingar á matvælum og heimtaka „take away“ á matvælum héldu áfram að aukast og festu sig í sessi enn frekar. Í upphafi faraldursins hafði Matvælaeftirlitið brugðist hratt við og breytt áherslum sínum í eftirliti og lagt enn meiri áherslu á leiðbeiningar og fræðslu til viðskiptavina sinna sem og viðskiptavina þeirra sem er einn mikilvægasti þáttur í heilbrigðiseftirliti. Þessi vinna hélt áfram á árinu. Nýjar leiðbeiningar voru gerðar og aðrar uppfærðar og birtar á heimasíðu heilbrigðiseftirlitsins. Áfram var haldið notkun á og þróun rafræns eftirlits, m.a. greiningum á myndum frá fyrirtækjunum um úrbætur og á matvöru sem og greiningu skjala og vottorða.



Deild Matvælaeftirlitsins gaf út starfsleyfi og annaðist eftirlit með starfsleyfis- og skráningarskyldum matvælafyrirtækjum í Reykjavík auk gististaða. Um er að ræða eftirlit með

framleiðslufyrirtækjum matvæla og stóreldhúsum, þ.m.t. veitingastöðum s.s. veitingahúsum, krám, veitingastofum, kaffihúsum, veitingaverslunum, veisluþjónustu og veislusölum. Auk þess er deildin með eftirlit með innflytjendum og heildsölum með matvæli, smásölum með matvæli; matsöluverslunum, söluturnum, fiskbúðum, ísbúðum, sérsverslunum með matvæli, matsöluvögunum, matvælamörkuðum, innflytjendum, framleiðendum og smásölum matvælasnertiefna sem og eftirlit með matvælamörkuðum og ýmsum viðburðum eða upptakum þar sem matvæli komu við sögu. Eftirlit með matvælastarfsemi í leik- og grunnskólum sem og flestum framhaldsskólum og líkamsræktarstöðvum er hjá deild Umhverfiseftirlits.

Fjöldi starfsleyfa í gildi í hverjum starfsleyfisflokki, er breytilegur milli ára eftir aðstæðum hverju sinni. Í september 2021 var fjöldi fyrirtækja eða aðila með gild starfsleyfi hjá deild Matvælaeftirlits samtals 1940. Skipting í helstu starfsleyfisflokkum var eftirfarandi, starfsleyfi fyrir gististaði voru 658, þar af voru 241 með starfsleyfi fyrir íbúðagistingu, 170 starfsleyfi voru fyrir heimagistingu af eldri gerð og 122 starfsleyfi í gildi fyrir nýja heimagistingu. Starfsleyfi fyrir hótél, gistiheimili og gistiskála voru 125. Starfsleyfi fyrir veitingastaði (veitingahús, veitingastofur, veitingaverslanir, kaffihús, krár, skemmtistaðir, veisluþjónustur og veislusalir) og fyrirtæki með framleiðslu og sölu á tilbúnum mat voru 519. Fjöldi starfsleyfa fyrir mötuneyti voru 136, 105 fyrirtæki voru með starfsleyfi fyrir framleiðslu á matvælum og



200 starfsleyfi fyrir heildsölur með matvæli. Starfsleyfi fyrir ýmskonar smásala með matvæli, m.a. matvöruverslanir, stórmarkaðir, söluturnar, ísbúðir og sérsverslanir með matvæli voru samtals 294. Fjöldi flutningamiðstöðva með gild starfsleyfi á þessum tíma voru 19 og 2 gild starfsleyfi fyrir vatnsveitur. Þessu til viðbótar eru síðan matvælafyrirtæki sem eru ekki starfsleyfis skyld en eru skráningarskyld, t.d. frumframleiðendur matjurta, 4 fyrirtæki og fyrirtæki sem framleiða og eða flytja inn og dreifa matvælasnertiefnum og voru 3 fyrirtæki með gilda skráningu. Ljóst er að þessi fyrirtæki eru langt fleiri en þetta en þau eru ekki að virða skráningarskylduna samkvæmt matvælalögum. Samtals eru þetta því 1940

aðilar eða fyrirtæki með skráð eða gild starfsleyfi hjá deild matvælaeftirlits 2021 miðað við 1892 fyrirtæki í september 2020.

Stöðugildi á deild matvælaeftirlitsins voru 8 auk deildarstjóra. Einn starfsmaður var í fæðingarorlofi frá miðjum mars og annar í veikindaleyfi frá apríl lokum. Slíkt hefur augljóslega mikil áhrif á starf deildarinnar þar sem starfsmenn eru fáir. Tveir starfsmenn voru í tímabundinni ráðningu, annar einungis hluta af árinu.

Farið var í samtals 1267 eftirlitsferðir á deildinni. Í 260 af þessum eftirlitsferðum fóru 2 fulltrúar. Fjöldi eftirlitsferða vegna reglubundins eftirlits voru 566, eftirfylgniferðir voru 71 og skráð eftirfylgni án sérstakra ferða voru 56 tilvik. Þá var farið í 107 eftirlitsferðir vegna sérstaks eftirlits, og 3 vegna annarra ástæðna og 2 ferðir vegna umbeðins eftirlits. Eftirlitsferðir vegna kvartana voru 29 og farið var í 7 eftirlitsferðir vegna úttekta.

Sýnatökur af matvælum er mikilvægur þáttur í öllu matvælaeftirliti. Heilbrigðisfulltrúar hjá matvælaeftirliti fóru í 169 sérstakar sýnatökuferðir. Veigamestu þættir þess eftirlits eru sýnatökur vegna eftirlits með neysluvatni, sýnatökur vegna eftirlits með varnarefnaleyfum í matvælum og þar fer mest fyrir sýnatökum af matjurtum og ávöxtum, og sýnatökur af ís.

Matvælaeftirlit hefur á undanförunum árum tekið sýni af ís í fyrirtækjum sem selja „ís úr vél“ til viðbótar reglubundnu eftirliti með íssölustöðum. Tekin voru 15 slík sýni á s.l. ári. Þrjú íssýni stóðust ekki kröfur á tveimur íssölustöðum. Þegar kemur í ljós að íssýni falla eða þarfnast athugasemda er starfsemi íssölastaðar takmörkuð og íssala ekki heimiluð fyrr en sýnt hefur verið fram á með endurtekinni rannsókn að ísinn standist allar kröfur. Matvælaeftirlitið fer með eftirlit með neysluvatni í Reykjavík. Eftirlitið felst í sýnatöku ásamt starfsemi og búnaði vatnsveitna og jafnframt eftirlit með brunnsvæði vatnsverndarsvæða. Árið 2021 var heildarfjöldi vatnssýna 120. Í reglubundnu eftirliti voru tekin 112 sýni af neysluvatni úr stofnæðum, dreifikerfisins



og á vatnsverndarsvæðum. Í svokallaðri heildarúttekt með neysluvatni voru tekin 8 sýni. Öll neysluvatnssýni sem tekin voru í eftirliti með vatnsveitum uppfylltu kröfur neysluvatnsreglugerðar. Þá voru tekin um 15 sýni af neysluvatni í matvælafyrirtækjum og uppfylltu þau einnig kröfur reglugerðarinnar. Farið var í 2 eftirlitsferðir vegna kvartana um gæði neysluvatns, á einkaheimili og fyrirtæki annað en matvælafyrirtæki.

Í eftirliti með varnarefnaleyfum í matvælum 2021 voru tekin 102 sýni, aðallega af grænmeti og ávöxtum en einnig 12 sýni af hveiti, 5 af jómfrúarolíu og 6 af ræktuðum sveppum. Fjöldi sýna sem stóðust ekki kröfur reglugerðar voru 6. Í öllum tilfellum er um að ræða sýni sem tekin voru af vörum af erlendum uppruna; 2 sýni af greip, 1 af melónu, 1 af eggaldin, 1 af dill og 1 af klettasalati.

Eftirlitsverkefni eru drjúgur þáttur í starfi deildarinnar. Ýmist er um að ræða verkefni á landsvísu með þátttöku allra heilbrigðiseftirlitssvæðanna og Matvælastofnunar, eftirlitsverkefni nokkurra eftirlitssvæða eða bara í Reykjavík. Fjallað er um nokkur slík verkefni í þessari samantekt.

Matvælaeftirlitið hafði haft, seinni part árs 2020, frumkvæði að samstarfi þriggja heilbrigðiseftirlitssvæði um eftirlitverkefni um óleyfilegar heilsu- og næringarfullrýðingar. Hin Heilbrigðiseftirlitssvæðin voru heilbrigðiseftirlitssvæði Hafnarfjarðar og Kópavogs og heilbrigðiseftirlitssvæði Suðurnesja. Heilbrigðiseftirlits norðurlands vestra varð svo síðar þáttakandi í verkefninu. Ákveðið var í ársbyrjun 2021 að breyta verkefninu í eftirlitsverkefni á landsvísu og tók Matvælaeftirlitið þátt í því og helstu niðurstöður voru kynntar fyrir heilbrigðisnefnd. Þá tók deildin þátt í eftirlitsverkefninu „Kælikeðjan“. Deildin framkvæmdi einnig eftirlitsverkefni um upplýsingagjöf til neytenda á veitingastöðum í Reykjavík með áherslu á ofnæmis- og óþolsvalda og innihald rétta á matseðlum. Helstu niðurstöður verkefnisins voru kynntar fyrir heilbrigðisnefnd.

Fjöldi starfsleyfa sem samþykkt voru á árinu 2021 hjá Matvælaeftirlitinu voru 279. Afgreidd starfsleyfi vegna gististaða voru samtals 23, þar af voru 9 starfsleyfi vegna nýrrar starfsemi, 6 starfsleyfi vegna eigendaskipta, 5 vegna yfirtöku á eldra starfsleyfi, 1 vegna breytinga á starfsemi, 1 starfsleyfi vegna breytinga á húsnæði og 1 vegna endurnýjunar á starfsleyfi. Fjöldi starfsleyfi vegna annarra fyrirtækja eða starfsemi en gististaða sem afgreidd voru á árinu voru samtals 240 og skiptust þau þannig: vegna nýrrar starfsemi eða nýskráningar; 128 starfsleyfi, starfsleyfi vegna eigendaskipta; 49 starfsleyfi vegna endurnýjunar; 30 starfsleyfi, vegna breytingar á húsnæði; 9 starfsleyfi, vegna flutnings í nýtt húsnæði; 9, starfsleyfi og vegna

breytingar á starfsemi; 15 starfsleyfi. Tímabundin starfsleyfi vegna markaða (markaðsleyfi) voru 16 af þessum 279 starfsleyfum sem gefin voru út hjá deildinni.

Á undanföllum árum hefur orðið aukning að haldnar séu ýmis konar hátíðir og viðburðir í borginni. Yfirleitt fylgir þessu einhvers konar starfsemi með matvæli og dreifingu á veitingum. Þetta geta m.a. verið tónlistarhátíðir, jólamarkaðir, sýningar ýmiskonar og markaðir með matvæli. Þetta hefur kallað á aukna vinnu í tengslum við eftirlit og við gerð og útgáfu starfsleyfa eða markaðsleyfa fyrir hvern viðburð í heild sinni. Einnig þarf að útbúa og samþykkja markaðsleyfi fyrir hvern sölubás en algengt er að á hverjum viðburði séu margir sölubásar með matvæli. Til viðbótar þessu þarf að gera sértæk starfsleyfisskilyrði fyrir hvern viðburð og jafnvel fyrir hvern sölubás. Haldnir hafa verið fundir með stjórnendum þessara viðburða þar sem farið hefur verið yfir hvern viðburð fyrir sig og farið er yfir umfang og hvers konar meðferð matvæla muni eiga sér stað. Einnig hefur verið boðið upp á stutta fundi eða



námskeið fyrir söluaðila þar sem farið var yfir helstu kröfur sem gerðar eru og veittar leiðbeiningar um hvernig best er að haga málum til að tryggja matvælaöryggi. Fjöldi tímabundinna starfsleyfa og markaðsleyfa fyrir stærri viðburði með matvæli 2021 voru um 16. Þetta eru viðburðir s.s. Götubílahátíð í Hljómskálagarðinum, Götuhátíð á Laugavegi, Jólamarkaður í Heiðmörk, Jólamarkaður á Hjartartorgi Jólamarkaður á Ingólfstorgi og Matarmarkaður á Vitatorgi.

Mikil tími fer í að vinna og gera umsagnir um ýmis erindi sem deildin fær. Matvælaeftirlitið veitti fjölmargar umsagnir um umsóknir um rekstrarleyfi fyrir veitinga- og gististaði, tækifærisleyfi og tímabundin áfengisleyfi en veitandi rekstraleyfa er Sýslumaðurinn á

höfuðborgarsvæðinu. Fjöldi umsagnabeiðna vegna rekstrarleyfa voru um 150. Þar af voru 46 umsagnir vegna gististaða og 104 umsagnir vegna veitingastaða. Áætlað er að fjöldi umsagna vegna tækifærisleyfa og tímabundinna áfengisleyfa á árinu 2021 hafi verið um 37.



Árlega tekur deildin tók þátt í gerð umsagna um frumvörp að lögum, drög að reglugerðum og önnur mál er varða starfsemi hennar. Helstu umsagnir 2021 voru; umsögn um breytingar á reglugerð nr. 1294/2014 um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda, umsagnir um að leyfa hunda á hótélum og umsögn um undanþágu frá byggingarreglugerð.

Á hverju ári berast deildinni fjöldi fyrirspurna, kvartana og ábendinga frá neytendum og öðrum vegna matarsjúkdóma og annars er varðar meðferð matvæla og starfsemi matvælafyrirtækja í og utan Reykjavíkur. Einnig berast kvartanir vegna ónæðis s.s. hávaða og lyktarmengunar frá veitingastöðum. Heildarfjöldi slíkra fyrirspurna, kvartana og ábendinga 2021 var um 507 er rúmlega fjórðungs aukning frá árinu á undan. Skráðar fyrirspurnir frá neytendum voru 89 og skráðar kvartanir voru um 234 á árinu og fer drjúgur tími heilbrigðisfulltrúa í að rannsaka þær og eftir atvikum að fylgja þeim eftir með viðeigandi aðgerðum. Helstu flokkar kvartana og fjöldi kvartana í hverjum flokki voru eftirfarandi: vegna merkinga matvæla; 62, vegna óþrifnaðar; 29, vegna hávaða; 44, vegna ólyktar; 10, vegna meindýra og ónytjadýra; 2, vegna meðferðar matvæla; 16, vegna gruns um matarsjúkdóm; 18, vegna aðskotahluta; 13, vegna frárennslismála; 1, vegna gruns um framleiðslu án leyfis; 8, vegna tóbaksmála; 3, vegna úrgangs; 1 vegna öryggismála; 1, vegna dýrahalds; 4, vegna ýmislegt og annað ótilgreint 22. Á hverju ári berast deildinni ábendingar og kvartanir er varða matvælafyrirtæki á öðrum heilbrigðiseftirlitssvæðum og 2021 voru þær 184 talsins. Engin stór matarsýking var á árinu 2021 en ábendingar um meintar matareitranir eða matarsýkingar voru 18.

Þó að flest matvæli hér á landi uppfylli kröfur laga og reglugerða og séu örugg þá gerir deildin á hverju ári athugasemdir í eftirliti við fjölda matvara vegna merkinga og innihalds þeirra. Þetta er bæði vegna matvara þar sem ábyrgðaraðili er eftirlitsþegi deildarinnar en einnig er um að ræða matvörur þar sem ábyrgðaraðili er eftirlitsþegi Matvælastofnunar eða annarra heilbrigðiseftirlitssvæða. Gerðar voru athugasemdir á árinu í 44 tilfellum við matvörur, ein eða fleiri hverju sinni, þar sem ábyrgðaraðili var eftirlitsþegi deildarinnar.

Þegar matvörur eru metnar hættulegar samkvæmt matvælalöggjöfinni er krafist innköllunar á vörum og eru þá sendar út sérstakar fréttatilkynningar. Yfirleitt er þetta gert í góðri samvinnu við viðkomandi matvælafyrirtæki. Á síðasta ári voru sendar út 39 fréttatilkynningar vegna innköllunar á matvörum sem er um 35 prósent aukning frá árinu á undan.

Árlega nýta starfsmenn deildarinnar sér tækifæri til að efla þekkingu sína og þjálfun. Lögð er áhersla á að starfsmenn bera ábyrgð á endurmenntun sinni. Vegna aðstæðna voru flest námskeiðin og ráðstefnur á árinu haldnir sem rafrænir viðburðir. Helstu námskeið, ráðstefnur og fundir sem starfsmenn deildarinnar sóttu á árinu voru; námskeið um næringar- og

heilsufullyrðingar sem haldið var af Matvælastofnum (MAST) og Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur (HER), norrænt námskeið um aukefni, námskeið um loftræsikerfi, viðhald og hreinsun sem haldið var af Umhverfisstofnun (UST), námskeið um viðbótartryggingar og vöktun á kampýlóbakter haldið af MAST og námskeið um áhættumat vatnsbóla, reynslu og helstu niðurstöður, haldið af Heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga. Auk þess var réttindanámskeið til heilbrigðisfulltrúa haldið af MAST og UST, námskeið um verkferill Reykjavíkurborgar um raka og myglu í húsnæði (HER), fræðslufundur heilbrigðiseftirlitanna haldinn um olíumengun á Hofsósi, kynning á listeríuleiðbeiningum fyrir heilbrigðisfulltrúa (MAST) og námskeið tengd hugbúnaði s.s. Teams og Hlöðunni.

Heilbrigðisfulltrúar matvælaeftirlits hafa einnig nýtt sér námskeið á vegum Evrópusambandsins, svokölluð Better Training, Safer Food námskeið (BTSF) og helstu námskeiðin sem þeir sóttu 2021 voru: Hazard analysis and critical control point (HACCP), Control of contaminants in food (námskeið 1 og 2), Food information and composition, Control and monitoring of Zoonoses, Microbiological Criteria Module.

Matvælaeftirlitið hélt 72 deildarfundir á árinu og þar af voru 14 aukadeildarfundir. Starfsfólk deildarinnar tók þátt í starfsdögum og ýmsum vinnuhópum innan deildarinnar sem utan. Deildarstjóri sat sem staðgengill í fjarveru framkvæmdastjóra í Neyðarstjórn Reykjavíkurborgar, í viðbragðsteymi Umhverfis- og skipulagssviðs vegna Covid19 og sótti fundi í framkvæmdarstjórn Umhverfis- og skipulagssviðs og miðborgarteymi. Deildarstjóri sat heilbrigðisnefndarfundir og aðra fundi s.s. afgreiðslufundi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, fundi um lögfræðileg málefni heilbrigðiseftirlit. Hann sótti jafnframt fundi í matvælahópi Matvælastofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga auk annarra starfsmanna eins og við átti. Ýmis konar samvinna er á deildinni við opinberar stofnanir s.s. Matvælastofnun, Umhverfisstofnun, fagráðuneyti og aðra aðila er varða verkefni deildarinnar. Í



matvælahópi voru unnar leiðbeiningar fyrir heilbrigðiseftirlitin í landinu og Matvælastofnun sem heilbrigðisfulltrúar deildarinnar áttu mikla aðkomu að. Deildastjóri átti fundi með úttektahópi á vegum ESA sem komu á árinu m.a. til að taka út eftirlit Íslands með plöntuvarnarefnum, átti fundi vegna matarborinna sjúkdóma á vegum Sóttvarnarlæknis og fund



með Orkuveitu Reykjavíkur um umhverfismál. Deildarstjóri var einnig skipaður í Faggildingarráð samkvæmt tilnefningu frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Mikil samvinna er við embætti Byggingarfulltrúans í Reykjavík. Teikningar vegna byggingarleyfisumsókna er varðar starfsleyfisskylda starfsemi voru yfirfarnar vikulega og gefnar umsagnir um 213 mál er varða heilbrigðiseftirlit. Þessu fylgja samskipti s.s. fundir og tölvupóstssamskipti við hönnuði og rekstraraðila.

Síðustu misseri hefur verið síaukin áhersla á af hálfu löggjafans, ráðuneyta og Matvælastofnunar að hægt sé að taka saman ýmsar tölfræðiupplýsingar um matvælaeftirlit heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga. Hugbúnaður sem HER hefur er ekki í stakk búin til að taka saman á fullnægjandi hátt þær upplýsingar sem kallað er eftir. Á deildinni hefur áfram verið unnið við gerð gátlista í hugbúnaðinum iAuditor sem notaðir eru í eftirlitinu bæði á spjaldtölvum og einnig er hægt að vinna í hugbúnaðinum á borð- og fartölvum. Upplýsingum úr eftirlitinu er safnað í gagnagrunn sem hægt er að rýna og bera saman niðurstöður. Ljóst er að þetta hefur auðveldað eftirlitið, gert það markvissara og dregið úr tvíverknaði til muna auk þess að gera eftirlitsþegum léttara að fá yfirsýn yfir úrbótakröfur o.fl. Helstu niðurstöður samkvæmt skráningum í iAuditor eru fyrir árið 2021: Skráð eru 596 eftirlit í matvælafyrirtæki og gistaði hjá deild matvælaeftirlits og niðurstöðurnar sýna að rúm 70% eftirlitsatriða eru í lagi að mati heilbrigðisfulltrúa, og að tæplega 30% eftirlitsatriða (rúmlega 17.000) eru metin sem frávik eða ábendingar (frávik; eftirlitsatriði stenst ekki kröfur löggjafar, ábending; eitthvað sem betur má fara).

Helstu frávik eða ábendingar	
Er matvælaöryggiskerfi starfsstöðvarinnar fullnægjandi?	374
Er til staðar verklag sem tryggir að haft sé eftirlit með þeim sem meðhöndla matvæli og þeir þjálfaðir í þáttum sem varða hollustuhætti í tengslum við matvæli í samræmi við þau störf sem þeir annast?	281
Eru til skriflegar umgengnisreglur fyrir starfsmenn og gesti/þjónustuaðila, eru þær sýnilegar og eru þær fullnægjandi?	272
Eru þrifaefni og annar búnaður til þrifa geymdur á réttum stöðum og eru þrifaáhöld upphengd?	266
Hefur starfsfólk fengið viðunandi fræðslu og þjálfun að mati heilbrigðisfulltrúa?	255
Eru vaskar merktir?	249
Er til staðar skriflegt verklag um vörumóttöku og hafa frávik og viðbrögð við frávikum verið skrá?	239
Hefur verið brugðist við athugasemdum sem gerðar voru í síðasta eftirliti?	237



Eru skráningar á þrifum og eftirlit með að þrif séu framkvæmd þar sem þörf er á þeim? Er gripið til úrbóta þegar þörf er á?	232
Hafa viðmiðunarmörk og viðbrögð við frávikum verið skilgreind (kælar, frystar, matreiðsla (kjarnhiti)?	226

Helstu tölur hjá Matvælaeftirliti fyrir árið 2021	
Fjöldi fyrirtækja með starfsleyfi á deild matvælaeftirlits eða eru skráð (tala í september 2021)	1940
Heildarfjöldi útgefinna starfsleyfa á deild matvælaeftirlits 2021	279
-Þar af ný starfsemi/nýskráning	142
-Þar af eigendaskipti	55
-Þar af endurnýjun	31
-Þar af breyting á starfsemi	16
-Þar af breyting á húsnæði	10
-Þar af flutningur í nýtt húsnæði	9
-Þar af tímabundið starfsleyfi (markaðsleyfi)	16
Umsagnir um rekstrarleyfi sýslumanns fyrir veitinga- og gististaði	150
Umsagnir um tækifærisleyfi	37
Skráðar kvartanir, ábendingar og fyrirspurnir	507
Fjöldi skráðra eftirlitsferða	1267
Sýnatökur varnarefni - fjöldi sýna	102
Sýnatökur ís - fjöldi sýna	15
Sýnatökur neysluvatn - fjöldi sýna (úr dreifikerfi og af vatnsverndarsvæði)	135
Meintar matarsýkingar	18

Nánar um Matvælaeftirlitið á slóðinni <https://reykjavik.is/thjonusta/matvaelaefirlit>

Umhverfiseftirlit

Deild umhverfiseftirlits gefur út starfsleyfi og sinnir eftirliti með atvinnurekstri sem getur haft í för með sér mengun, einnig stofnunum og fyrirtækjum sem veita almenningi margvíslega þjónustu, hollustuháttafyrirtæki, sbr. viðauka IV í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, X. viðauka í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, og fylgiskjal 1, í reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti. Fjöldi fyrirtækja með starfsleyfi á deildinni var 1594 en auk þess eru 264 opin leiksvæði með starfsleyfi. Einnig hefur deildin eftirlit með íbúðarhúsnæði, gefur út tóbakssöluleyfi, sóttvarnavottorð fyrir skip, leyfi til hæsnahalds utan skipulagðra landbúnaðarsvæða, sinnir eftirliti með öryggisþáttum, eftirliti með hávaða innan og utanhúss, veitir umsagnir um lagafrumvörp, reglugerðir, skipulagsmál o.þ.h. sem fellur undir verksvið deildarinnar. Starfsfólk deildarinnar sinnir fjölda kvartana af margvíslegu tilefni, þ.á.m. kvörtunum vegna númerslausra bifreiða í borgarlandinu en slíkar kvartanir skipta hundruðum árlega og voru límdir viðvörunarmiðar á um 1000 ökutæki. Kvörtunum, s.s. vegna ólyktar, hávaða og slæmrar umgengni fjölgaði milli ára. *Hljóðmæling í leikskóla vegna kvartana um slæma hljóðvist*



Starfsfólk sinnir einnig fræðslu og upplýsingagjöf til almennings og eftirlitsskyldra fyrirtækja, tekur þátt í samvinnuverkefnum og samstarfshópum innan og utan Reykjavíkurborgar.

Heimsfaraldur Covid19 setti svip sinn á starf deildarinnar árið 2021 eins og fyrra ár. Á þeim tímabilum sem hlé varð á takmörkunum var starfsemin með hefðbundnum hætti. Samskipti innan deildar og við viðskiptavini voru að miklu leyti með fjarfundabúnað meðan faraldurinn var í hámarki. Ýmis fyrirtæki sem deildin hefur eftirlit með voru auk þess lokuð hluta ársins eða starfsemi þeirra takmörkuð að boði stjórnvalda s.s. íþróttahús, líkamsræktarstöðvar, sundstaðir og hárgreiðslu- og snyrtistofur svo eitthvað sé nefnt og því ekki farið í eftirlit í þau

á meðan. Önnur fyrirtæki s.s. skólar og leikskólar reyndu að verja starfsemina með því að takamarka aðgengi utanaðkomandi aðila. Ljóst var að enn var mikil þörf fyrir eftirlit og leiðbeiningar til þeirra fyrirtækja sem héldu úti starfsemi. Leiðbeiningar sem unnar voru 2020 og settar á upplýsingasíðu Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur vegna Covid19 komu að góðu gagni og bætt var við upplýsingum eftir þörfum. Áfram var hringt eða boðað til fjarfunda með skipulögðum hætti hjá fyrirtækjum til að kanna stöðu mála, hvort þörf væri á leiðbeiningum eða óskað eftir heimsókn frá eftirlitinu. Var þessu frumkvæði Heilbrigðiseftirlitsins vel tekið og starfsfólk fyrirtækjanna þakklátt fyrir framtakið. Áfram var beðið eftir nýju upplýsingakerfi en það Gopro sem nú er í notkun var innleitt á árunum 1996- 1998. Ákvörðun var tekin um að nota kerfi sem nefnist Hlaðan en fljótlega kom í ljós að langt var í land til að það nýttist HER. Mikilvægi leiðbeiningar- og fræðsluhlutverks heilbrigðiseftirlits í áframhaldandi heimsfaraldri hefur sjaldan eða aldrei verið meira og reyndi þar á fagþekkingu og reynslu heilbrigðisfulltrúa sem sinntu því með þryði.

Heimasíða deildarinnar var uppfærð á árinu. Bætt var við upplýsingum og leiðbeiningum og þær gerðar aðgengilegri fyrir viðskiptavinum sem bætir þjónustu deildarinnar og gerir auðveldara fyrir fyrirtæki og almenning að nálgast upplýsingar sem varða leyfisveitingar, starfsreglur og aðrar upplýsingar sem varða starfsemina.

Útgáfa starfsleyfa var umfangsmikil sem fyrr. Umsóknir um starfsleyfi sem bárust á árinu skiptust nær jafnt á milli leyfa fyrir hollustuhátta starfsemi og mengandi starfsemi. Vinna við umsóknir um leyfi fyrir mengandi starfsemi er mun tímafrekari nú en fyrir



Niðurrif á mannvirki

gildistöku reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit þar sem nú þarf að tilkynna um móttöku umsóknar og útbúa auglýsingu á vefsíðu HER með tillögu að leyfi fyrir hverja umsókn þannig að almenningur geti komið með athugasemdir sem taka þarf afstöðu til auk þess gera greinargerð um vinnslu málsins við útgáfu leyfis. Þá eru unnin sértæk starfsleyfisráðgjöf fyrir mengandi starfsemi í þeim tilvikum sem ekki eru til samræmd starfsleyfisráðgjöf heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga og Umhverfisstofnunar. Tillögur að starfsleyfi fyrir mengandi starfsemi eru auglýstar á heimasíðu í 4 vikur og er heimilt að gera

athugasemdir á auglýsingatíma. Algengast er að starfsleyfi séu gefin út til tólf ára en í nokkrum tilvikum þar sem fyrirhugaðar eru breytingar s.s. vegna þéttingar byggðar eru gefin út leyfi til styttri tíma í samræmi við framtíðaráform í skipulagi. Flest leyfi sem gefin voru út tímabundið í stuttan tíma voru vegna niðurrifs bygginga og annarra mannvirkja. Leyfum vegna niðurrifs á asbesti hélt áfram að fjölga en slíkt niðurrif er starfsleyfisskyt í öllum tilvikum og krefst sérhæfðra verktaka. Leyfi vegna niðurrifs bygginga og á asbesti á árinu voru 55, þar af 18 vegna niðurrifs á asbesti. Í nokkrum tilvikum eru einnig unnin sértæk skilyrði vegna hollustuhátta fyrir tiltekna viðburði og má þar t.d. nefna stóra tónleika, húðflúrráðstefnur og útihátíðir ýmis konar. Lítið var um útgáfu slíkra leyfa á árinu vegna Covid19. Vinna við þau leyfi er mismikil eftir eðli starfseminnar. Gefin voru út 40 tóbakssöluleyfi, flest vegna endurnýjunar eða eigendaskipta.

Á árinu voru útgefin endurnýjuð starfsleyfi fyrir skotvelli Skotfélags Reykjavíkur og Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrennis á Álfsnesi. Íbúar og eigendur fasteigna og lands á svæðinu hafa verið ósáttir við starfsemi skotvallanna sérstaklega vegna ónæðis frá skothvællum auk áhyggja af hugsanlegri blýmengun á svæðinu vegna mikillar notkunar á blýhöglum. Við undirbúning á útgáfu starfsleyfa og gerð starfsleyfisskilyrða var athuguð notkun blýhagla og gerðar hávaðamælingar á svæðinu. Einnig var leitað umsagnar skipulagsfulltrúa sem mælti ekki



Hljóðmælingar í Kollafirði



með því að gefið væri út leyfi lengur en til tveggja ára og þá aðeins með ítarlegum starfsleyfisskilyrðum. Á svæðinu rekast á hagsmunir þeirra sem þar dveljast og vilja njóta næðis að loknum vinnudegi og í frístundum og þeirra sem stunda skotæfingar og vilja nota sinn frítíma til að stunda íþróttina og aðrar skotæfingar. Starfsleyfisskilyrði fyrir skotvellinga voru auglýst skv. settum reglum og fjöldi athugasemda bárust á auglýsingatíma bæði frá íbúum og fólki sem æfir skotfimi á svæðinu. Bæði starfsleyfi Skotfélags Reykjavíkur og Skotveiðifélags Reykjavíkur og nágrennis voru kærð til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála og felldi úrskurðarnefndin bæði leyfin úr gildi þann 24. september þar sem nefndin taldi starfsemin samrýmdist ekki landnotkun skv. skilgreiningu í aðalskipulagi eins og áskilið er í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir. Vaka hf. Björgunarfélag að Héðinsgötu fékk útgefið starfsleyfi 2. febrúar 2021. Leyfið var gefið út fyrir móttökustöð fyrir úrgang, bílapartasölu, bifreiða- og vélaverkstæði og hjólbarðaverkstæði. Leyfið var kært til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sem felldi nefndin leyfið úr gildi þar sem hún komst að þeirri niðurstöðu að starfsemi móttökustöðvar fyrir úrgang gæti ekki talist léttur iðnaður og samrýmdist því hvorki landnotkun svæðisins samkvæmt skipulagsreglugerð né skipulagsskilmálum. Áður hafði HER leitað umsagnar skipulagsfulltrúa Reykjavíkurborgar sem gerði ekki skipulagslegar athugasemdir við útgáfu starfsleyfis en að það væri HER að meta hvort starfsemin teldist léttur iðnaður.

Starfsleyfi fyrir líkbrennslu Kirkjugarða Reykjavíkur var endurnýjað á árinu. Töluverð vinna var lögð í að setja starfseminni skilyrði en starfsemin hófst árið 1948 og er enn verið að nota ofna sem þá voru settir upp og eru án hreinsibúnaðar. Við endurskoðun á starfsleyfisskilyrðum var horft til þess að fjölgun bálfara hefur verið hraðari en spáð var, með tilheyrandi mengunarálagi.

Vegna Covid 19 voru ekki haldnir viðburðir sem hafa verið árvissir undanfarin ár líkt og árið 2020. Hætt var við að halda áramóta- og þrettándabrennur og því mun lítið um útgáfu tímabundinna starfsleyfa, umsagnir um rekstrarleyfi og tímabundin tækifæris og áfengisleyfi

Reglubundið eftirlit var með hefðbundnum hætti á sundstöðum eftir því sem því var viðkomið vegna heimsfaraldursins. Tekin voru sýni til klórmælinga í öllum ferðunum. Einnig voru tekin sýni til gerlarannsóknna úr öllum laugarkerfum stóru almenningslauganna einu sinni yfir sumarið og farið í eftirfylgni eftir þörfum. Þar sem niðurstöður stóðust ekki kröfur var sýnataka endurtekin skv. reglugerð endurtaka þurfti sýnatöku á nokkrum stöðum.

Eftirlit með skólum og leikskólum svo og lóðum við þessar stofnanir er stór liður í starfi deildarinnar. Í skólum er hugað að hollustuháttum, m.a. þrifum og ástandi húsnæðis og öryggi í skólastofum og öðrum rýmum sem nemendur nýta eða hafa aðgang að. Á skólalóðum er kannað ástand og öryggi leiktækja. Það á einnig við um eftirlit með öllum leiksvæðum sem eru á vegum Reykjavíkurborgar en þau eru rúmlega 260 og var farið á þau öll á árinu. Í eftirliti með mótuneytum í skólum og leikskólum voru tekin sýni til ATP (adenosine triphosfat) mælinga á staðnum. Þessar mælingar eru góður mælikvarði á gæði þrifa þ.á.m. uppþvott. Í nokkrum tilvikum voru niðurstöður ófullnægjandi og var gripið til viðeigandi ráðstafana í framhaldinu. Eftirlit með mengandi starfsemi var með hefðbundnum hætti að svo miklu leyti sem mögulegt var vegna Covid 19 en einnig var haft samband við fyrirtæki í síma og með fjarfundabúnaði m.a. til að fylgja eftir kröfum og ganga á eftir gagnaskilum. Farið var í fyrirtæki í fjölbreyttri starfsemi s.s. bensínstöðvar, bifreiðaverkstæði, trésmíðaverkstæði,

vélsmíðjur en einnig er eftirlit með fráveitu og meðferð úrgangs á verksvið deildarinnar. Auk reglubundins eftirlits var farið í fjölmargar eftirlitsferðir vegna kvartana en kvörtunum hefur fjölgað umtalsvert á síðustu árum. Kvartanir eru af ýmsu tagi s.s. vegna úrgangs á lóð og slæmrar umgengni, vegna olíuleka af bíl, vegna númerslausra bíla og vegna lyktar- eða hávaðaónæðis svo dæmi séu tekin. Notaðir eru snjallmælar við hávaðamælingar vegna kvartana og hafa þeir reynst með ágætum þar sem þeir gefa færi á því að fylgjast með ástandinu í rauntíma. Kvartanir vegna ólyktar frá starfsemi í Gufunesi voru



Olíumengaður jarðvegur við framkvæmdir

ekki alveg úr sögunni þrátt fyrir að vonir stæðu til þess þar sem moltugerð á svæðinu var hætt. Íbúar eru langþreyttir á lyktarmengun. Vel gekk að komast að því hver uppspretta mengunarinnar var og gera í framhaldinu kröfur um úrbætur en ástandið endurtók sig nokkrum sinnum meðan rekstraraðilinn var að ná tökum á ástandinu. Lyktarkvörtunum frá öðrum stöðum í borginni var sinnt með sambærilegum hætti. Erfitt getur þó verið að staðfesta lyktarkvartanir



þar sem vindátt er breytileg. Kvartanir voru um slæma umgengni s.s. á iðnaðarsvæðum og ljóst að þörf er á viðhorfsbreytingu rekstraraðila til að bæta umgengi á ákveðum svæðum.

Þann 4. maí varð umfangsmikill gróðurbruni í Heiðmörk. Fulltrúi framkvæmdastjórnar um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins fylgdist með aðgerðum á vettvangi en eldurinn varð umfangsmikill á mjög stuttum tíma. Í kjölfar brunans fóru hagaðilar yfir málið til að sjá hvaða lærdóm má draga af þessum atburði og úr hverju þurfi að bæta til að koma í veg fyrir að þetta endurtaki sig og draga úr tjóni.

Þann 19. mars hófst eldgos við Fagradalsfjall. Vegna mengunarhættu og vöktunar á umhverfi héldu Almannavarnir reglulega fundi með vísindamönnum og hagaðilum. Á fundunum voru fulltrúar frá Veðurstofu, Háskóla Íslands, Umhverfisstofnun, heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga, veitufyrirtækjum og öðrum aðilum eftir tilefni. Farið var yfir niðurstöður mælingar vegna vöktunar á umhverfisgæðum og s.s. loft- og vatnsmengun, flúormengun og mögulega hættu fyrir menn og dýr. Fulltrúar HER tóku þátt í þessum fundum og fóru yfir stöðuna á hverjum tíma og sögðu frá mælingum í Reykjavík.

Starfsfólk deildarinnar sótti endurmenntun og fræðslu eftir því sem tækifæri gáfust en í þessu sem öðru einkenndist árið af heimsfaraldri Covid 19. Á réttindanámskeiði fyrir heilbrigðisfulltrúa voru starfsmenn deildarinnar fengnir til að annast fræðslu í ýmsum málaflokkum en um leið sátu nýir starfsmenn námskeiðið til að öðlast starfsréttindi. Námskeið um loftræsikerfi og viðhald þeirra var haldið fyrir heilbrigðisfulltrúa í febrúar og voru þátttakendur ánægðir með námskeiðið en á tímum heimsfaraldurs hefur enn frekar verið lögð áhersla á mikilvægi góðrar loftræsingar og heilnæmt inniloft.

Starfsmenn á deildinni störfuðu með tveimur samstarfshópum heilbrigðiseftirlitsvæða og Umhverfisstofnunar, hollustuháttahóp og umhverfisgæðahóp. Á vettvangi hópanna eru rædd ýmis sameiginleg mál sem brenna á heilbrigðisfulltrúum og þessum stofnunum. Hóparnir halda mánaðarlega símafundi yfir vetrarmánuðina og venja er að hvor hópur heldur svo tveggja daga starfsfund þar sem unnið er að ákveðnum málum auk þess sem farið er í vettvangsferðir en ekki varð af því þetta árið vegna samkomutakmarkana vegna Covid 19. Áhersla var lögð á sameiginleg eftirlitsverkefni og innleiðingu á áhættumati bæði í fyrirtækjum með mengandi starfsemi og hollustuháttafyrirtæki. Innleiðing áhættumats hefur ekki gengið eftir og kallað hefur verið eftir að sérfræðingar í áhættumati samræmi og setji fram áhættumat fyrir eftirlit HES í hollustuháttum og mengunarvörnum. Ekki er þó komin niðurstaða í þessu en ljóst er að gera þarf kröfu á Umhverfisstofnun sem samræmingaraðila um að ljúka þessu verkefni. Deildarstjóri sat í Mengunarvarnaráði hafna fyrir hönd Sambands íslenskra sveitarfélaga og í



fagráði Landlæknis um raka og myglu en vegna Covid19 hefur starf fagráðsins gengið hægt. Deildarstjóri sat í starfshópi á vegum Reykjavíkurborgar um verklag vegna raka og myglu í húsnæði borgarinnar sem settur var á stofn til að bæta verklag og eftirfylgni þegar upp koma rakaskemmdir og mygla í húsnæði borgarinnar. Í verkferlinum er leitast við að taka á sem flestum þáttum þ.á.m. samskiptum við notendur og starfsfólk, upplýsingagjöf, auk viðgerða á húsnæði og eftirfylgni. Slík um málum hefur fjölgað mjög að undanfögnu og eru þau mis umfangsmikil, allt frá því að umfangslítilla aðgerða sé þörf allt til þess að loka þurfi skólabyggingum tímabundið. Í því sambandi má nefna Fossvogsskóla sem var mikið í fréttum vegna vandamála varðandi húsnæðið.

Enn er beðið eftir að ný hollustuháttareglugerð líti dagsins ljós en svo virðist sem vinna við hana hafi stöðvast. a.m.k. í bili. Endurskoðun reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða hófst 2020 en enn hefur endurskoðuð reglugerð ekki verið gefin út.

Umsagnir um umhverfismál, skipulagsmál, lagafrumvörp, reglugerðir, og ýmsar leyfisveitingar voru unnar af starfsmönnum Umhverfiseftirlits í samvinnu við starfsmenn Vöktunar. Þessi hluti starfseminnar hefur farið vaxandi á síðustu árum og er umtalsverður í starfsemi deildarinnar.

Á deildinni eru 11 stöðugildi sem ekki voru fullmönnuð allt árið vegna mannbreytinga, fæðingarorlofs og langtímaveikinda.

Sjá nánar um umhverfiseftirlit á slóðinni <https://reykjavik.is/thjonusta/umhverfiseftirlitid>.

Helstu tölur hjá Umhverfiseftirliti fyrir árið 2021	
Fjöldi fyrirtækja með starfsleyfi á deild umhverfiseftirlits	1703
Opin leiksvæði með starfsleyfi	264
Heildarfjöldi útgefinna starfsleyfa á deild umhverfiseftirlits 2021 (ný starfsemi, endurnýjun, breytingar, eigendaskipti)	194
Þar af tímabundið starfsleyfi (viðburðir, niðurrif, brennur)	45
Heildarfjöldi tóbakssöluleyfa	136
Ný leyfi, 6, endurnýjun, 21, eigendaskipti, 13)	40
Skráðar kvartanir	887
-Þar af kvartanir vegna númerslausra bíla	412
Umsagnir um tækifæris- og rekstrarleyfi	39
Útgefin sóttvarnavottorð vegna skipa	23
Framlenging á sóttvarnavottorði	1
Sýnatökur úr baðvatni - fjöldi sýna (klórmælingar og gerlarannsókn)	194
Sýnatökur ATP/mat á þrifum - fjöldi sýna	200

Vöktun

Hjá einingu Vöktunar voru eins og fyrri ár helstu verkefnið fölginn í vöktun á vatnsgæðum strandsjávar, áa og vatna, vöktun á loftgæðum í borginni ásamt gerð umsagna.

Niðurstöður strandsjávarsýntöku voru á sama róli og undanfarin ár. Tekin voru 94 sýni og voru tuttugu yfir mörkum, eða 21% og er það óvenju hátt miðað við síðustu ár. Sýni sem voru yfir mörkum voru eftirfarandi:

Mælistaður	Líkleg orsök mengunar
1x við Kjalarnes	Yfirfallsútrás/gerlamengun í læk
2x við Staðahverfi	Líklega fuglar/dýralíf
2x við Eiðsvík	Fuglar eða rotþró
1x Elliðavog	Mögulega vegna yfirfalls frá dælustöð eða smábátahöfninni
3x Lauganes	Sennilega vegna yfirfallsútrásar
1x við Ægissíðu	Yfirfall dælustöðvar
1x við Nauthólsvík	Mögulega vegna fráveituútrása í Kópavogi
4x við Grafarvog	Rangtengingar
5x við Naustanes	Mengun frá útrás

Farið var sérstaklega yfir yfirfallstíma með Veitum og verklag við tilkynningar þegar rekstartruflanir verða á fráveitukerfinu. Sérstök átaksverkefni í leit að röngum tengingum fráveitulagna voru ekki á árinu en samstarfi við Veitur um leit að rangtengingum á stöðum þar sem búið er að staðfesta vandamál var haldið áfram. Rangtenging fannst frá fyrirtæki sem staðsett er í Krókhálsi og var það lagfært og þannig komið í veg fyrir gerlamengun í Grafarvogslæk. Farið var í hreinsun rotþróar við Esjumela og aðgerðir til að koma í veg fyrir frekari truflanir á hreinsigetu vegna fitu. Veitur fóru í stórt viðhaldsverkefni í hreinsistöðinni við Ánanaust og á meðan þurfti að dæla óhreinsuðu skólpi út í sjó. Á meðan viðgerðin stóð yfir var strandlengjan vöktuð tvisvar sinnum í viku og sett var upp tímabundin lokun við ströndina við Eiðsgranda. Viðgerð stóð yfir frá 10. október til 30. nóvember en sýnatökum var haldið áfram til 14. desember til ganga úr skugga um að viðgerð hafi heppnast. Tekin voru 78 sýni á þessum tíma en til viðbótar við það voru tekin 133 sýni á vegum Veitna og voru því í heildina tekin 211 sýni vegna framkvæmdarinnar.



Uppsetning á loftgæðamæli við Grensásveg

Dagleg vöktun á loftgæðum í borginni var á árinu sem áður. Yfirfarin gögn frá Umhverfisstofnun um fjölda skipta sem svifryk (PM10) fór yfir sólarhringsheilsuverndarmörk (50 $\mu\text{g}/\text{m}^3$) við Grensásveg sýna að svifryk fór 11 sinnum yfir sólarhringsmeðaltal, en það má fara 35 sinnum yfir mörkin skv. reglugerð. Ársgildið var 14,7 $\mu\text{g}/\text{m}^3$ en mörkin eru 40 $\mu\text{g}/\text{m}^3$. Líklegar uppsprettur svifryksmengunar: 1x áramótin, 5x staðbundin mengun við þungar umferðargötur, 1x særok og 4x sandfok af Suðurlandi. Gripið var til rykbindingar vegna svifryks einu sinni á árinu. Köfnunarefnisdíoxíð fór 2 sinnum yfir sólarhringsheilsuverndarmörk en þar eru sólarhringsheilsuverndarmörk (75

$\mu\text{g}/\text{m}^3$) og má fara sjö sinnum yfir mörkin skv. reglugerð. Efnið fór ekki yfir klukkustundarheilsuverndarmörkin sem eru 200 $\mu\text{g}/\text{m}^3$, má fara 18 sinnum yfir skv. reglugerð. Ársgildið var 15,4 $\mu\text{g}/\text{m}^3$ en mörkin eru 40 $\mu\text{g}/\text{m}^3$. Brennisteinsvetni (H_2S) fór aldrei yfir 24 klst. viðmiðunarmörk, en mörkin eru 50 $\mu\text{g}/\text{m}^3$ og má aldrei fara yfir þau skv. reglugerð. Ársgildið við Grensás var 2,5 $\mu\text{g}/\text{m}^3$ en mörkin eru 5 $\mu\text{g}/\text{m}^3$. Brennisteinsdíoxíð (SO_2) fór 2 sinnum yfir klukkustundar heilsuverndarmörk við Grensás en 10 sinnum yfir mörkin við Norðlingaholt en mörkin eru 350 $\mu\text{g}/\text{m}^3$ og má fara 24 sinnum yfir mörkin á ári. Uppspretta þessarar mengunar var eldgosið í Geldingadöllum. Styrkur fór hins vegar aldrei yfir sólarhringsheilsuverndarmörk en þau eru 125 $\mu\text{g}/\text{m}^3$ og má fara 3 sinnum yfir mörkin á ári. Gosmóða lagðist yfir borgina nokkrum sinnum en hún myndast þegar brennisteinsdíoxíð í gosmekki hvarfast við efni og agnir í andrúmslofti. Gosmóða getur haft verri heilsufarsáhrif þar sem meira ertandi efni myndast, s.s. brennisteinssýra.

Á Nýársdag 2021 fór gildi svifryks ekki yfir sólarhringsheilsuverndarmörk. Styrkur svifryks var mun lægri en undanfarin ár. Sólarhringsmeðaltalið var 12,4 $\mu\text{g}/\text{m}^3$ við Grensásveg en lágar svifrykstölur þessi áramót skýrast af veðuraðstæðum sem gerðu það að verkum að mengun safnaðist ekki fyrir í borginni. Miklir sinueldar kviknuðu í kringum miðnættið vegna notkunar

skotelda og hvöttu lögregla og viðbragðsaðilar fólk til að hætta að skjóta upp, gæti það einnig hafa haft þau áhrif að minni mengun varð en búist var við.

Loftgæðamæligögn voru aðgengileg almenningi í gegnum loftgæðaupplýsingakerfi Umhverfisstofnunar, Airviro á slóðinni www.loftgaedi.is. Á vef Reykjavíkurborgar er tenging inn á vef Umhverfisstofnunar en ekki er komin sjálfstæð síða til vöktunar á loftgæðum. Á árinu voru gefnar úr 10 tilkynningar til almennings í þau skipti sem loftgæði voru slæm eða grunur um að þau yrðu það en þar af voru 5 vegna brennisteinsdíoxíðs og gosmóðu vegna eldgossins í Geldingadölum. Skólar, leikskólar og dagmæður í borginni voru sérstaklega vöruð við skv. verklagi þar um. Unnið var með Almannavörnum og fjölda stofnanna við samræmingu leiðbeininga og tilkynninga vegna loftmengunar frá eldgosum.

Farið var í almennt eftirlit um vatnsverndarsvæðið og umgengni og ástand bygginga og lóða skoðað. Sem áður voru áhyggjur af svæðinu vegna mikillar umferðar um og við svæðið. Ástand vega á vatnsverndarsvæðinu er lélegt í Heiðmörk og ekki síður í Bláfjöllum í landi Kópavogs, auk þess sem einn umferðarþvingsti vegur landsins liggur að hluta til á vatnsverndarsvæðinu. Ákvarðanir um lokun vega á svæðinu eru teknar af Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, í samráði við skrifstofu rekstrar og umhirðu og framkvæmdastjórn um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu.



Sumarbústaður sem brann til grunna á vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins



Framkvæmdastjórn um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu fundaði 2 sinnum á árinu um ýmis mál er varðar svæðið. Þann 28. desember 2021 brann bústaður til grunna við Elliðavatnsveg. Slökkvilið Höfuðborgarsvæðisins kom á staðinn og sá til þess að eldurinn myndi ekki dreifa sér en ekki var reynt að slökkva eldinn vegna mögulegrar mengunarhættu. Bústaðurinn var í eigu Orkuveitu Reykjavíkur og var brunastæðið hreinsað í kjölfarið. Heilbrigðisfulltrúar frá Vöktun á staðinn og staðfestu að hreinsun væri fullnægjandi.

Eining Vöktunar vann á árinu 24 umsagnir um hin ýmsu málefni sem snertu lög og reglugerðir, skipulag, málefni sem tengjast mati á umhverfisáhrifum, framkvæmdum inni á vatnsverndarsvæðinu o.fl. Einnig hélt Vöktun fyrirlestra um vatnsvernd, olíumengun og viðbrögð fyrir nema í slökkviliðsmannanámi hjá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins.

Tveir heilbrigðisfulltrúar/verkefnastjórar voru starfandi hjá einingu Vöktunar í tveimur stöðugildum.

Sjá nánar um Vöktun á slóðinni <https://reykjavik.is/thjonusta/voktun-umhverfi>



Hundaeftirlit

Á árinu hélt áfram vinna stýrihóps um hugmyndir að breytingum á fyrirkomulagi dýramála í Reykjavíkurborg sbr. stefnuskrá meirihluta hjá Reykjavíkurborg sem skilaði af sér tillögum um breytingar á fyrirkomulagi um málefni hunda og hundeigenda. Í framhaldinu tók til starfa starfshópur sem m.a. tveir fulltrúar HER tóku þátt í. Starfshópurinn tók áfram vinnu við að skoða mögulegar útfærslur á skráningum, gjaldskrá og hundasamþykkt fyrir Reykjavík. Sú vinna gekk vel og skilaði hópurinn af sér í byrjun árs. Hundaeftirlit og dagleg umsýsla fluttist til ÍTR/Dýraþjónustu Reykjavíkurborgar fyrri hluta ársins en þvingunarmál vegna brota á hundasamþykkt og slíkt verða áfram í höndum HER.

Sjá nánar um hundaeftirlit á slóðinni <https://reykjavik.is/hundahald>